

**Nd.**

**1152. Frumvarp til laga**

**[466. mál]**

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.
- b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.
- c. Að selja  $\frac{2}{3}$  af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um að hlutafélag, sem tekur við rekstri fyrirtækisins skv. 9. gr., skuli gefa fastráðnu starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins kost á sambærilegum störfum. Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélags skv. 9. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

4. gr.

12. og 13. gr. falli brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan ákvæði 9.–11. gr. hafa ekki komið til framkvæmda skal III. kafli laganna um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, halda gildi sínu um Ferðaskrifstofu ríkisins.